

Grindavík

Mikilvægar upplýsingar
um öryggisatriði



Sýnið aðgát,
fylgið merkingum
og berið virðingu
fyrir húsum og
eignum fólks.

Kröftugar og reglulegar jarðhræringar hafa verið um nokkurra ára skeið á Reykjanesinu. Vegna þeirra var Grindavíkurbær m.a. rýmdur í fyrsta skipti í nóvember 2023 þegar líkur á eldgosi á svæðinu jukust. Við þessar jarðhræringar varð umtalsvert tjón í bænum og sprungur opnuðust, bæði inni í bænum og utan hans, og hús eyðilögðust. Í janúar 2024 varð gos við bæinn og rann hraun m.a. yfir þrjú hús í útjaðri bæjarins.

Síðan þá hafa líkur á gosi nærri bænum minnkað umtalsvert og bærinn var opnaður á ný fyrir almenning í október 2024. Búið er að fara í miklar mótvægisáðgerðir eftir það til að auka öryggi í bænum og er nú búið í hluta bæjarins.






Varúðarráðstafanir og viðvörðunarröð

Mótvægisáðgerðir eru og hafa verið í gangi til þess að auka öryggi í Grindavík. Þær felast m.a. í jarðkönnun, jarðsjármælingum og sjónskoðun. Þá hefur verið fyllt í sprungur og/eða þær girtar af og álagsprófanir hafa verið gerðar á viðgerðum stöðum. Vegna þessara áðgerða er nú talið að Grindavík sé öruggari staður til þess að heimsækja.

Mikilvæg atriði

Nokkur mikilvæg atriði sem við biðjum fólk að hafa í huga í heimsókn til Grindavíkur:

- Halda sig utan afgirtra svæða.
- Börn eru á ábyrgð fullorðinna og skal aldrei láta þau úr auglýn.
- Bera skal virðingu fyrir eignum fólks og heimilum.
- Ekki skal fara of nálægt húsum eða inn í garða.
- Ef til rýmingar kemur skal yfirgefa svæðið tafarlaust um næstu flóttaleið.
- Aka varlega ef skyldi koma til rýmingar.
- Rýming er tilkynnt með almannavarnalúðri sem ómar um bæinn.
- Drónar eru bannaðir á svæðinu.
- Varast skal að stöðva ökutæki í vegköntum á leiðinni að bænum, það eykur hættu á alvarlegum umferðarslysum.
- Ekki skal ganga út á hraunið, það er enn heitt á vissum svæðum.





Hvað á að gera ef það er rýming?

Ef viðvörðunarlúður Almannavarna fer í gang **skal yfirgefa bæinn tafarlaust** um næstu merktu flóttaleið og aka varlega.

Öryggisgæsla og viðbragðsaðilar eru starfandi í bænum og munu aðstoða fólk.

Athuga skal að síðasta miðvikudag hvers mánaðar klukkan 11:00 er æfing á viðvörðunarlúðrinum.

Í neyð hringið í 112.

Framkvæmdanefnd
um málefni
Grindavíkur

Útgefið 18. október

Nánar upplýsingar
um stöðuna í Grindavík
má finna á :

www.visitreykjanes.is